

Fleytitíð

Álagstoppar í morgunumferð

Hvað er fleytitíð?

Í fjögurra ára samgönguáætlun, 2011-2014, kemur fram að vinna skuli greiningu á umferðartæknilegum ávinningi þess að hliðra til opnunartíma og starfsemi stórra skóla og opinberra stofnana/vinnustaða og deyfja þannig álagstoppa í morgunumferð. Þessi aðgerð er nefnd "fleytitíð".


Ávinningur fleytitíðar

Um 60% af heildar bifreiðaeign landsmanna er á höfuðborgarsvæðinu og álag á stofnbrautakerfinu mjög mikið, sérstaklega á háannatíma á morgnanna.


Háannatíminn leggur grunn að hönnunarforsendum sem endurbætur á samgöngumannvirkjum, í þeim tilgangi að auka flæði, byggjast á. Það er því mjög verðugt og spennandi verkefni að finna leiðir til að breyta hönnunarforsendum með fleytitíð.

Vonast er til að ávinningurinn verði:



- Betti nýting núverandi samgöngumannvirkja.
- Frestun kostnaðarsamra framkvæmda.
- Styttri ferðatími.
- Fækkun umferðaróhappa.



Hermilíkan VSÓ Ráðgjafar verður notað til að herma umferð í nútíð og framtíð, með og án fleytitíðar.



Mikil umferð er á gatnamótum Miklubrautar og Lönguhlíðar á háannatíma. Þrívíddar skjáskot úr hermilíkani VSÓ Ráðgjafar.



Efra grafið sýnir núverandi umferð í vesturátt á Miklubraut, við gatnamót Lönguhlíðar. Neðra grafið sýnir áhrif á álagstoppa morgunumferðar ef hluta umferðar að Háskóla Íslands er hliðrað með fleytitíð.

Niðurstöður og framhald

Farið hefur fram gróf handvirk greining á magni og hlutfalli umferðar að Háskóla Íslands, Háskólanum í Reykjavík og Landspítalanum í fyrri áfanga þessa verkefnis. Kannaður var mögulegur ávinningur fleytitíðar með því að hliðra til vinnutíma hluta þeirra sem starfa eða sækja nám hjá einni af fyrrgreindum stofnunum. Niðurstöður sýndu fram á ávinning fleytitíðar.

Byrjað hefur verið á seinni áfanga verkefnisins. Samvinna hefur náðst við allar stofnanirnar þrjár en könnun á mætingartímum er framlag þeirra til verkefnisins.

Í seinni áfanga verkefnisins mun fara fram nákvæmari greining á gögnum með notkun hermilíkans VSÓ Ráðgjafar sem gæti gefið upplýsingar um breytt þjónustustig, ferðatíma og biðraðamyndun með og án fleytitíðar. Mismunandi sviðsmyndir væri hægt að prófa í líkaninu, miðað við tillögur samvinnuhóps um hliðranir vinnutíma, og sjá hvernig það hefur áhrif á morgunumferð.

Verkefnið er styrkt af Rannsóknarsjóði Vegagerðarinnar og unnið af Kristjönu Ernu Pálsdóttur hjá VSÓ Ráðgjöf.